

- hér á landi) og 6. tölul. (leiga og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda, sérþekkingar, o.fl.) 3. gr. laga nr. 90/2003.
8. Greiðslumiðar – leiga eða afnot (RSK 2.02). Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, svo og fyrir greiðslur fyrir sérhver önnur afnot af réttindum, s.s aflaheimildum, einkaleyfum eða sérþekkingu, enda sé ekki gerð grein fyrir þessum greiðslum á öðrum skilagreinum sem taldar eru upp hér að framan.
 9. Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi (RSK 2.085). Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun, sbr. 10. gr. laga nr. 90/2003.

Upplýsingum þessum skal, ef unnt er, skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslu- lýsingu, sem finna má á vefsíðu ríkisskattstjóra www.rsk.is/vefskil/vefskil.asp en annars á hinum tilgreindu eyðublöðum, sem einnig er þar að finna.

Auglýsing þessi er birt með heimild í 92. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Reykjavík, 6. janúar 2005.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Mjóafjarðarhrepp, kt. 460269-1139, fyrir móttöku og urðun lífræns úrgangs í landi Rima. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið tók gildi þann 30. desember 2004 og gildir til 1. febrúar 2017.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpurðun Borgarfjarðarhrepps, kt. 480169-6549, fyrir móttöku og urðun á almennum úrgangi á Brandsböllum. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið tók gildi þann 30. desember 2004 og gildir til 1. febrúar 2017.

Umhverfisstofnun, 4. janúar 2005.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*